



Alþingi
Erindi nr. P 138/335
komudagur 30.11.2009

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 26. nóvember 2009
2009070037/91/MH/bs

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 116. mál.

Landlæknir þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til umsagnar. Landlæknisembættið hefur áður komið að málinu með athugasemd við dög að frumvarpi síns og það barst frá heilbrigðisráðuneytinu í lok síðasta árs og enn fremur með umsögn um frumvarpið til heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 19. ágúst 2009. Fjölmargar athugasemdir voru gerðar og hafa þær flestar verið teknar til greina. Athugasemdir við frumvarpið eru eftirfarandi:

Um 3. gr. Tilgreining löggiltra heilbrigðisstétta.

Einni stétt hefur verið bætt við upptalningu heilbrigðisstétta, þ.e. tannsmiðum. Í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins eru taldir upp ýmsir aðilar sem haft var samráð við áður en ákveðið var að leggja til að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt. Landlæknisembættið var ekki þar á meðal og hefur ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um þessa breytingu fyrr en nú. Landlæknisembættið telur að fara verði mjög varlega í að fjölga heilbrigðisstéttum og hafa embættinu ekki verið kynnt rök fyrir því að gera tannsmiði að heilbrigðisstétt, fremur en að tannsmiði verði áfram löggilt iðngrein.

Um 1. mgr. 5. gr. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Í ákvæðinu segir m.a.: „Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um nám.” Landlæknisembættið leggur til að hér verði bætt við setningunni „Ekki skal greitt fyrir slíka umsögn.” Upp hafa komið tilvik þar sem skóli hefur neitað Landlæknisembættinu að meta umsóknir nema fá greitt fyrir og telur embættið rétt að taka af tvímæli um þetta atriði.

Um 3. mgr. 6. gr. Veiting starfsleyfis.

Landlæknisembættið leggur til að 3. mgr. 6. gr. verði orðuð svo: „Synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis eða veiting takmarkaðs starfsleyfis er kæránleg til ráðuneytis.” Þannig getur umsækjandi sem fær útgefið takmarkað starfsleyfi t.d. „til eins árs undir handleiðslu” kært þá ákvörðun til heilbrigðisráðuneytisins á sama hátt og sá sem synjað er um starfsleyfi.

Um 10. gr. Óheimil notkun starfsheitis.

Landlæknisembættið telur æskilegt að kveða á um það í 10. gr. hver á að fjalla um mál sem upp koma vegna óheimillar notkunar starfsheitis löggilts heilbrigðisstarfsmanns.

Um 1. mgr. 24. gr. Kynning og auglýsingar.

Ákvæðið er mjög opið og hefur í för með sér miklar breytingar frá núgildandi heimildum til kynninga og auglýsinga heilbrigðisstarfsmanna. Mat á skilyrðum samkvæmt 1. mgr. er mjög óljóst og hætt við að það verði erfitt í framkvæmd. Landlæknir leggur til að heilbrigðisstarfsmenn hafi heimildir til að kynna sig og starfsemi sína með látlausum hætti á heimasíðum sínum, með bæklingum á heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna og með öðrum sambærilegum hætti. Hins vegar eigi ekki að leyfa almennar auglýsingar svo sem í blöðum, tímaritum, netmiðlum og á almannafæri. Að mati landlæknis þarf að fara varlega í því að leyfa auglýsingar heilbrigðisstarfsmanna, þótt ljóst sé að rýmka þurfi þessi ákvæði frá núgildandi lögum.

Um 2. mgr. 24. gr. Kynning og auglýsingar.

Landlæknir leggur til að í ákvæðinu segi að ráðherra „skuli“ setja reglugerð í stað þess að segja að honum sé það heimilt, þar sem brýnt er að heilbrigðisstarfsmenn geti kynnt sér nánar hvað er heimilt í þessum efnunum.

Um 25. gr. Um sjúklingatryggingar.

Lögð er til viðbót við ákvæðið þess efnis að sjúklingur eigi rétt á að fá upplýsingar um það hjá heilbrigðisstarfsmanni eða fyrirtæki hjá hvaða tryggingafélagi viðkomandi er tryggður. Upp hafa komið tilvik þar sem sjúklingar, sem hyggjast kanna bótarétt sinn, hafa átt í erfiðleikum að fá upplýsingar um það hvar heilbrigðisstarfsmaður er tryggður.


Um 26. gr. Aldursmörk.

Landlæknir leggur til að við setninguna „þó aldrei oftari en þrisvar“ í lok ákvæðisins verði bætt við orðunum „eða til 76 ára aldurs.“ til þess að taka af tvímæli vegna þeirra sem eru eldri en sjötugir við setningu laganna og hafa ótakmarkað leyfi til stofureksturs eða takmarkað leyfi samkvæmt undanþáguákvæði í núgildandi lögum.

Um 31. gr. Gildistaka.

Landlæknir leggur til að lögin taki ekki gildi strax, heldur verði gefinn frestur sem nýttur verði til að semja nýjar og nauðsynlegar reglugerðir á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst,


Matthías Halldórsson
landlæknir